

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 2		
Dags.: 12/14/2021	Fundargerð (Skólanefndarfundur 18.02.2026)	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 1 af 3		

Dags.: 18.02.26	Tími: 12:40	Staðsetning: Fundarherbergi	Fund boðaði: Birgir
-----------------	-------------	-----------------------------	---------------------

Mætt:	Petra, Birgir, Salóme, Tinna, Þórður, Hlöðver, Guðný, Eva og Hjördís
Fjarverandi:	Karen og Pálína


Dagskrá:

1. Afkoma ársins 2025 og rekstraráætlun 2026 – BJ og SH
2. Tölur á vorönn 2026 - GBG
3. Skóladagatal 2026-2027 – drög - BJ
4. Afmæli og markaðssetning – PLS
5. Skólanámskrá - BJ
6. Framkvæmdir - BJ
7. Félagslíf - TRH
8. Önnur mál

nr.	Fundargerð dagskrárliðs
1)	<p>Afkoma ársins 2025 og rekstraráætlun 2026 – BJ og SH</p> <p><u>Afkoma ársins 2025:</u> Birgir nefnir að stundum sé farið yfir ársreikning á fundi þessum en hann er ekki tilbúinn. Deilir tölum sem teknar eru úr kerfinu í gær 17.02. Dregur fram það sem skiptir aðalmáli en það er það að gjöld eru 720 milljónir og tekjur eru 757 milljónir þannig 37,5 milljónir er hagnaður s.l. árs.</p> <p>Aðspurður hversvegna leigukostnaður flökti telur Birgir það felast í að inn í tölunum er hita- og rafmagnskostnaður sem er breytilegur.</p> <p>Ferðir og fundir upp á 17 milljónir skýrist aðalega af Erasmus þar sem við fáum styrki á móti.</p>

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 2		
Dags.: 12/14/2021		
Höfundur: ÞÓJ	Fundargerð (Skólanefndarfundur 18.02.2026)	
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 2 af 3		

	<p>Dreifnámið og smáskipanámið ástæða hárra upphæða í sértekjum.</p> <p>Varðandi tekjur þá koma skráningargjöld nemenda inn í janúar og ágúst sem skýrir hærri tölur þar.</p> <p>Rekstraráætlun 2026: Töluverð hækkun frá því að við birtum rekstraráætlun á síðasta skólanefndafundi og síðan þá búið að uppfæra skjalið sem Birgir varpar upp á fundinum. Fáum á fjárlögum 756 milljónir 743, en 13 milljónir í fjárfestingafjárlög) áætlað að afgangur yrði notaður til að jafna út 2027-2028 ef þörf væri á. Frá því að skólanefnd hittist síðast fengum við umtalsverða hækkun á ársnemum ofl. Óskað var eftir heimild til að auka fjárfestingaframlagið, það eru 13 milljónir en báðum um aukningu upp á 25. Hugmyndin að fjárfesta í stórum græjum inn í málmdeild.</p>
2)	<p>Tölur á vorönn 2026 – GBG</p> <p>Guðný áfangastjóri fer yfir tölur vorannar. Svipaðar tölur milli haustannar og vorannar, helsti munurinn liggur í grunnskólanemum sem dattu út úr verknáminu. 3 nemendur hættu í háardeild um áramót og eftir stöndum við með fjóra nemendur og sárlega vantar nemendur inn í þá deild til að keyra hana áfram. Veltum upp hvort hægt sé að höfða eitthvað sérstaklega til drengja hvað þetta nám varðar. Um 60 grunnskólanemendur fara í gegnum hárið á ári í gegnum verkvitið en umsóknir ekki skilað sér.</p> <p>5. önn bætist inn í skólann í húsasmíði á vorönn sem skýrir fjölgun nemenda þar samanborið við haustönn.</p> <p>33 nemendur skráðir í iðnmeistaránám sem fór af stað nú á vorönn.</p> <p>Reyndum að bjóða upp á dreifnám í vélvirkjun í haust en gekk ekki vel en það þarf að eiga í samstarfi við stóru fyrirtækin t.d. álverið varðandi að auglýsa það á réttum stöðum. Stefnum á að auglýsa það aftur fyrir haustið.</p> <p>Vangaveltur með raunfærnimat og fá það austur, Birgir upplýsir um samskipti sem hafa átt sér stað varðandi það.</p>
3)	<p>Drög að skóladagatali 2026-2027 kynnt fundarmeðlimum</p> <p>180 dagar sem þarf að veita nemendum fyrir 31. Maí. Birgir upplýsir fundinn um hvað Ljósker-Viti-Varða er þar sem staða nemenda kemur fram 3x á önn og alltaf námsmatsdagur á undan sem er farin að verða meira og meira nýttur af kennurum en kennarar hafa alltaf heimild til að kalla nemendur inn á gulum dögum sem merktir eru námsmatsdagar á skóladagatali.</p> <p>Engar róttækar breytingar á dagatalinu frá því sem er hefðbundið.</p> <p>Austfirsku Ól haldnir í Neskaupstað í haust sem reynt er að koma í ákveðna hefð, en það var s.l. haust á Hornafirði og lukkaðist vel.</p> <p>Verður lagt til samþykktar hjá starfsfólki í næstu viku og svo 1x í skólaráð og ætti að verða klárt fyrir lok febrúarmánaðar.</p>
4)	<p>Afmæli og markaðssetning – PLS</p> <p>Fyrirhugaðir afmælis dagar 12 eða 19. September – hlutverk afmælisnefndar að negla það á næstunni. Starfamessa í Neskaupstað verður haldin 24. September. Kynna á starfsmannafundi</p>

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 2		
Dags.: 12/14/2021	Fundargerð (Skólanefndarfundur 18.02.2026)	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 3 af 3		

5)	<p>Skólanámskrá – BJ</p> <p>Ræðum heimasíðuna og komin tími til að uppfæra ýmislegt þar sem þarf að fara að setja í forgang. Hjördís bendir á t.d. að <u>viðbragðsáætlun sé inni frá árinu 2020</u> þar sem m.a. er tekin fram neyðarstjórn sem ekki er hér við störf.</p> <p>Þegar unnin eru plögg eins og þetta væri gagnlegt að taka út öll nöfn og hafa eingöngu starfstitla.</p> <p>Birgir segir frá vel heppnuðum skólafundi í haust þar sem nemendur voru fengnir til að ræða nýju skólasóknarreglurnar. Langar að halda fund á næstunni þar sem rædd eru símamál og gervigreindareglur og uppfært á heimasíðu í framhaldinu.</p>
6)	<p>Nemendafélag - Félagslíf – TRH</p> <p>Félagslíf VA flókið. Mæting á minni viðburði stöpul en betri þegar þeir eru stærri og “kosta” segir Tinna Rut formaður Nemendafélagsins.</p> <p>Nemendafélagið verið sýnilegt en einhvernvegin lítið að gerast í mætingu og t.d. verið slæm mæting í VA bolta að undanförunu sem hefur verið fastur liður í langan tíma í félagslífi VA.</p> <p>Eva nefnir að byggja þarf brú á milli upplýsinga frá nemendafélagi til foreldra þannig að foreldrar séu líka meðvitaðir um þegar eitthvað er í gangi og geti ýtt nemendum af stað. Þetta er punktur sem var ræddur hjá nýstofnuðu foreldrafélagi VA á síðasta fundi og þarf að taka lengra. T.d. með að virkja foreldrafélagssíðu á FCB – deila meðal foreldra nemenda og halda gangandi svo dæmi sé tekið.</p>
7)	<p>Framkvæmdir – BJ</p> <p>Birgir segir að lítið sé að fréttu varðandi framkvæmdir – biðin eftir verkkennsluhúsi heldur áfram.</p> <p>Ræðir vanda bæði í skólabyggingunni og heimavistinni varðandi lofthita (og vatnið á vistinni) þar sem hefur verið mjög kalt og þarf að bregðast við.</p> <p>Í sumar þarf að fara í breytingar og lagfæringar á salernum og miðrymi til að taka næstu skref.</p>
8)	<p>Önnur mál: Engin önnur mál.</p>

Fundargerð ritaði: <i>Petra Lind Sigmundardóttir</i>	dags. 18.02.26
--	----------------

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):